HAGASKÓLI

Námsáætlun

Íslenska | 9. bekkur | 2026-2027

Kennarar: Katla Ómarsdóttir katla.omarsdottir@reykjavik.is
Orri Þórðarson: orri.thordarson@reykjavik.is
Kennslustundir á viku: 4 x 60 mínútur

Síðast uppfært: 20.10.26

Lýsing

Helstu viðfangsefni skólaársins eru lestur, bókmenntir, málnotkun og ritun. Tilgangur námsins er að þjálfa nemendur í móðurmálinu sínu. Áhersla íslenskukennslu í 9. bekk er að nemendur efli færni sína í lestri og lesskilningi, að þeir æfi sig í að skrifa fjölbreytta texta og að þau nýti sér tungumálið og leik og starfi.

Námsflokkar og vægi

- Talað mál, hlustun og áhorf 20%
- Lestur og lesskilningur 10%
- Bókmenntir 25%
- Ritun 25%
- Mál og málnotkun 20%

Námstímabil

Námstímabil	Áætlað tímabil
Gunnlaugssaga Ormstungu	24. ágúst – 18. september
Málfræði	21. september – 21. október
Gagnvirkur lestur	27. október – 16. nóvember
Smásögur	17. nóvember – 17. desember
Framsögn	5. janúar – 17. janúar
Bókmenntir og málfræði	
Bókmenntir	
Lestur og lesskilningur	

HAGASKÓLI

Bókmenntir

Námstímabil 1

Námsgrein: Íslenska

Árgangur: 9. bekkur

Námstímabil: 24. ágúst – 18. september

Inntak náms

Við lesum Gunnlaugssögu Ormstungu og vinnum að vinnubók meðferðis. Hæfniviðmið: lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð. Bókmenntir vega 25% af lokaeinkunn í íslensku.

Verkefnavinna og heimanám

Vinnubók. Skapandi aukaverkefni sem fara inn í vinnubók. Ef að nemendur klára ekki spurningar í vinnubókinni þá er það heimavinna.

Námsgögn

Gunnlaugssaga Ormstungu lesbók. Vinnubók.

Fyrirkomulag námsmats

Tvö krossapróf ★ Vinnubók ★★ Munnlegt próf ★★

HAGASKÓLI

Mál og málnotkun

Námstímabil 2

Námsgrein: Íslenska

Árgangur: 9. bekkur

Námstímabil: 21. september – 21. október

Inntak náms

Óbeygjanleg orð. Nemendur læra orðflokka sem ekki er hægt að fallbeygja né tíðbeygja. Flokkarnir eru forsetningar, atviksorð, nafnháttamerki, samtengingar og upphrópanir. Hæfniviðmið: áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra.
Lesin stafsetningaræfing: Nemendur fá stafsetningaræfingu heim með sér og skoða það hvernig orðin eru skrifuð. Textinn er síðan lesin fyrir þau í tíma og þau skrifa hann á blað. Hæfniviðmið: beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki.
Mál og málnotkun er 10% af lokaeinkunn

Verkefnavinna og heimanám

Nemendur vinna að því að flokka orð í orðflokka. Til þess nota þau verkefnabók og vinna í henni í tíma. Ef nemendur klára ekki það sem er lagt fyrir í tíma þá klára þau það heima. Heimavinna er sett inn á Mentor.

Námsgögn

Málið í mark: Óbeygjanleg orð. Lesin stafsetningaræfing. Glærur kennara.

Fyrirkomulag námsmats

Próf úr óbeygjanlegum orðum ★★ Stafsetningaræfing ★

Lestur og lesskilningur

Námstímabil 3

Námsgrein: Íslenska

Árgangur: 9. bekkur

Námstímabil: 27. október – 9. nóvember

Inntak náms

Gagnvirkur lestur. Nemendum er raðað í hópa þar sem þau lesa saman fjölbreytta texta og fara yfir textann með gagnvirkum hætti sem þjálfar lestrargetu þeirra.
Lesskilningur. Nemendur vinna að fjölbreyttum lesskilningsæfingum úr vinnubókinni Útbrot. Þau lesa fjölbreytta texta og skoða inntak þeirra texta betur. Hæfniviðmið: skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika
Lestur og lesskilningur vegur 15% af lokaeinkunn í íslensku.

Verkefnavinna og heimanám

Gagnvirkur lestur: Nemendum er raðað í hópa og hver nemandi fær hlutverk í sínum hóp. Hlutverkin eru: að lesa, að endursegja, að spyrja, að útskýra og að spá. Nemendur fá að prófa öll hlutverk og þetta þjálfar þau í að hugsa um textann á meðan þau eru að lesa og pæla í honum. Lesskilningur: Lesskilningur er mjög stór hluti af námi. Nemendur vinna með texta sem þau lesa og svo svara þeim fjölbreyttum spurningum. Nemendur æfa sig í því að lesa á milli línanna, leita að upplýsingum í textanum og nota gagnrýna hugsun.

Námsgögn

Gagnvirkur lestur. Útprentaðir textar. Útbrot vinnubók.

Fyrirkomulag námsmats

Gagnvirkur lestur: Vinnulag og þátttaka ★★ Útbrot: Vinnubók ★★★ Lesskilningspróf ★★

Bókmenntir og ritun

Námstímabil 4

Námsgrein: Íslenska

Árgangur: 9. bekkur

Námstímabil: 9. nóvember – 3. desember

Inntak náms

Nemendur lesa smásögur, ræða þær og svara spurningum úr sögunni. Nemendur velja sér síðan eina af smásögunum til að skrifa ritun um. Hæfniviðmið: samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft.

Verkefnavinna og heimanám

Nemendur lesa söguna heima fyrir tíma. Kennari fer svo yfir hana með nemendum og stjórnar umræðum. Nemendur svara síðar spurningum úr sögunni. Þegar allar sögur hafa verið lesnar þá velja nemendur sér eina sögu til að skrifa ritun um. Ritunin fer fram í tíma.

Námsgögn

Smásagnasmáræði. Vinnubók.

Fyrirkomulag námsmats

Ritun um eina sögu ★★ Undirbúin stafsetning ★ ★ Smásagnasmáræði: Vinnubók ★★

HAGASKÓLI

Talað mál, hlustun og áhorf

Námstímabil 5

Námsgrein: Íslenska

Árgangur: 9. bekkur

Námstímabil: 3. – 18. desember

Inntak náms

Framsögn: Nemendur skrifa texta og undirbúa sig til að flytja hann fyrir framan bekkinn. Nemendur fá þjálfun í hvernig best er að flytja ræður og fá verkfæri sem þau geta nýtt sér í framtíðinni í tengslum við framsögn.
Áhorf: Nemendur horfa á myndina Velkomin Árni. Þau skrifa síðan bréf til hans sem fer í vinnumöppuna.
Hæfniviðmið: flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi.

Verkefnavinna og heimanám

Nemendur fá þjálfun í framsögn og læra alls konar æfingar sem geta hjálpað þeim þegar kemur að því að koma fram. Því næst undirbúa þau textann sinn fyrir framsögnina og æfa sig að flytja hann. Nemendur flytja síðar textann sinn fyrir framan bekkinn sinn. Nemendur horfa á heimildamyndina Velkominn Árni og eiga síðar að skrifa honum bréf. Það bréf fer inn í vinnumöppuna þeirra í íslensku. Nemendur vinna að textanum sínum fyrir framsögn í skólanum og heima, gott er að flytja hann heima og fá ráð um hvernig hægt er að bæta hann.

Námsgögn

Kveikjur. Velkominn Árni

Fyrirkomulag námsmats

Framsögn: ★★ Velkominn Árni bréf: Vinnubók ★★★

HAGASKÓLI

Námsáætlun

Stærðfræði | 9. bekkur | 2026-2027

Kennarar: Eyþór Eiríksson eythor.eiriksson@reykjavik.is

Hannes Bjartmar Jónsson hannes.bjartmar.jonsson@reykjavik.is

Katla Sigurðardóttir Snædal katla.sigurdardottir.snaedal@reykjavik.is

Kennslustundir á viku: 4 x 60 mínútur

Síðast uppfært: 21. október 2026

Lýsing

Í 9. bekk er lögð áhersla samræðu, samvinnu og uppgötvun. Efni vetrarins tengist meðal annars jöfnum, hnitakerfi, formum og tölfræði.

Námsflokkar og vægi

- Vinnulag stærðfræðinnar 15%
- Tölur og reikningur 10%
- Algebra 45%
- Tölfræði og líkindi 10%
- Rúmfræði og mælingar 20%

Námstímabil

Námstímabil	Áætlað tímabil
Þrautalausnir	24. ágúst - 4. september
Hnitakerfi og beinar línur	7. september - 23. október
Horn og þríhyrningar	26. október - 27. nóvember
Forritun	30. nóvember - 17. desember
Prósentur, mengi og staðalform	
Tölfræði	
Tími og mælingar	
Annars stigs jöfnur	
Jöfnuhneppi og ójöfnur	

Þrautalausnir

Námstímabil 1

Námsgrein: Stærðfræði

Árgangur: 9. bekkur

Námstímabil: 24.08.2026 - 04.09.2026

Inntak náms

Nemendur vinna að þrautalausnum í samvinnu við samnemendur. Áhersla er lögð á samvinnu og rökræður.

Verkefnavinna og heimanám

Nemendur vinna að þrautalausnum í kennslustundum.

Námsgögn

Þrautalausnir eru kynntar munnlega af kennara.

Fyrirkomulag námsmats

Kennari metur vinnulag nemenda í tímum.

Hnitakerfi og beinar línur

Námstímabil 2

Námsgrein: Stærðfræði

Árgangur/bekkur/hópur: 9. bekkur

Námstímabil: 07.09.2026 – 23.10.2026

Inntak náms

Nemendur læra um hnitakerfi, punkta og beinar línur. Lögð er áhersla á bæði teikningar sem og útreikninga. Nemendur læra á jöfnu línu, að finna hana út frá tveimur punktum eða mynd sem og að teikna línu út frá jöfnu hennar. Nemendur vinna með gildistöflur og kynnast verkefnum úr daglegu lífi þar sem beina línan kemur við sögu.

Verkefnavinna og heimanám

Lögð er áhersla á samvinnu nemenda. Nemendur fá einnig tækifæri til að kanna eigin skilning á efninu einstaklingslega. Nemendur hafa aðgang að stuðningsefni.

Námsgögn

Verkefnin sem nemendur vinna einstaklingslega eru úthendi kennara. Einnig eru árangursviðmið birt þar sem fram kemur til hvers er ætlast af nemendum og sýnidæmi til stuðnings.

Fyrirkomulag námsmats

Námsmatið byggir aðalega á vikulegum verkefnum þar sem nemendur mega vinna tvö og tvö saman eða einstaklingslega. Hver dæmagerð kemur þrjár vikur í röð og hafa því nemendur tækifæri til að bæta sig milli vikna.

Horn og þríhyrningar

Námstímabil 3

Námsgrein: Stærðfræði

Árgangur/bekkur/hópur: 9. bekkur

Námstímabil: 26.10.2026 – 27.11.2026

Inntak náms

Nemendur læra um horn í þrí- og marghyrningum. Þeir nota upplýsingar um form og önnur rúmfræðileg fyrirbæri til þess að rannsaka samhengi þeirra. Nemendur beita þekktum eiginleikum lína, þríhyrninga og annara marghyrninga til þess að reikna hliðarlengdir og horn. Nemendur læra að beita reglu pýþagórasar.

Verkefnavinna og heimanám

Lögð er áhersla á samvinnu nemenda. Nemendur fá einnig tækifæri til að kanna eigin skilning á efninu einstaklingslega. Nemendur hafa aðgang að stuðningsefni.

Námsgögn

Verkefnin sem nemendur vinna einstaklingslega eru úthendi kennara. Einnig eru árangursviðmið birt þar sem fram kemur til hvers er ætlast af nemendum og sýnidæmi til stuðnings.

Fyrirkomulag námsmats

Námsmatið byggir aðalega á vikulegum verkefnum þar sem nemendur mega vinna tvö og tvö saman eða einstaklingslega. Hver dæmagerð kemur þrjár vikur í röð og hafa því nemendur tækifæri til að bæta sig milli vikna.

Forritun

Námstímabil 4

Námsgrein: Stærðfræði

Árgangur/bekkur/hópur: 9. bekkur

Námstímabil: 30.11.2026 – 11.12.2026

Inntak náms

Nemendur kynnast grunnhugmyndum forritunar. Nemendur læra að búa til einföld forrit sem og að lesa og skilja forritunarkóða.

Verkefnavinna og heimanám

Lögð er áhersla á samvinnu nemenda. Nemendur skrifa upp forritunarkóða bæði á tölvu og á blaði og læra að lesa og túlka forritunarkóða.

Námsgögn

Verkefnin sem nemendur vinna einstaklingslega eru úthendi kennara. Einnig eru árangursviðmið birt þar sem fram kemur til hvers er ætlast af nemendum og sýnidæmi til stuðnings.

Fyrirkomulag námsmats

Námsmatið byggir aðalega á vikulegum verkefnum þar sem nemendur mega vinna tvö og tvö saman eða einstaklingslega. Hver dæmagerð kemur þrjár vikur í röð og hafa því nemendur tækifæri til að bæta sig milli vikna.

HAGASKÓLI

Námsáætlun

Enska | 9. bekkur | 2026-2027

Kennarar: Laura Marie Engelhoff laura.marie.engelhoff@reykjavik.is

Kennslustundir á viku: 2 x 60 mín

Síðast uppfært: 13. 10. 2026

Lýsing

Nám í ensku miðast við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla, en þau eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti, námstækni og menningarlæsi. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10.bekk.

Námsflokkar og vægi

- Hlustun 10%
- Frásögn 20%
- Lesskilningur 20%
- Ritun 20%
- Samskipti 20%
- Vinnulag í ensku 5%
- Menningarlæsi 5%

Námstímabil

Námstímabil	Áætlað tímabil
Short Stories and Articles	Ágúst - Október
Complex & Compound Sentences	Október
Creative Writing	Október - Nóvember
Hero‘s Journey	Nóvember - Desember
Class Novel	Janúar – Apríl
English Excellence Experience	Maí
Show & Tell	Allt árið

HAGASKÓLI

Námsáætlun

Danska | 9. bekkur | 2026-2027

Kennarar: Aske Stick aske.stick@reykjavik.is

Kennslustundir á viku: 2 x 60 mínútum

Síðast uppfært: 29 september 2026

Lýsing

Nám í dönsku miðast við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla, en þau eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarlæsi. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10. bekk.

Unnið er jafnt og þétt með viðfangsefni hæfniviðmiðanna yfir önnina og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálfa þá hæfni.

Námsflokkar og vægi

- Hlustun og áhorf 20%
- Lestur og lesskilningur 20%
- Samskipti 15%
- Frásögn 15%
- Ritun 20%
- Menningarlæsi 10%

Námstímabil

Námstímabil	Áætlað tímabil
Kendte og berømte	Ágúst - október
Du er rigtig klog	Október - desember
Jeg elsker Danmark	Janúar - mars
Kig ind i fremtiden	Mars - maí

Kendte og berømte

Námstímabil 1

Námsgrein: Danska

Árgangur: 9. bekkur

Námstímabil: Ágúst til október

Inntak náms

Meginviðfangsefnið er frægt fólk. Þemað gefur nemendum tækifæri til að tengja orð ogsetningar úr daglegu lífi sínu við dönskuna og byggja þannig upp dönskuoðaðaða texta og orðaforða.
Námsmarkmiðið er að nemendur öðlist þekkingu á frægu fólki. Nemendur eiga að geta skilið orð sem tengjast frægu fólki og getað tjáð sig um það á dönsku. Þeir eiga einnig að geta notað spurnarorð (HV-orð) á dönsku.
Vinnulag í lotunni felst fyrst og fremst í því að fylgja grunnbókinni, verkefnibókinni, verkefni ásamt virkri þátttöku í tímum.

Verkefnavinna og heimanám

Umfjöllunarefni lotunnar er þekkt og fast fólk og farið er eftir 5. kafla í námsbókinni SMIL „Jagten på berømmelse“. Í lotunni eru einnig nokkur námsmarkmið sem varða spurnarorð, nafnorð og framburð á dönsku.
Að auki er stórt verkefni þar sem nemendur eiga að vinna að því að búa til hlaðvarp um þekkt fólk frá Danmörku.
Verkefni í verkefnabókinni:

- Drømmen om berømthed (s. 3-6): A, C, D
- Det er dejligt at drømme (s. 6-7): A, B, C, lytteøvelse 1
- Kendt for at være kendt (s. 8-9): A, B, C.
- Kendt for mange ting (s. 12-14): B, C, lytteøvelse 4
- Vil du møde dit idol (s. 14-16): A, B, C, D, E
- Brevkassen (s.16-18): lytteøvelse 5
- Berømte kan også få sceneskræk (s. 19-20): A, B, lytteøvelse 6

Meget godt at have gjort:

- Det er dejligt at drømme (s. 6-7): D
- Kendt for mange ting (s. 12-14): D

Námsgögn

- SMIL – Nemendabók
- SMIL – Verkefnabók B
- SMIL – Hlustunaræfingar með verkefnabók B
- Hlustunarverkefni með söngvum
- DR TV

Fyrirkomulag námsmats

- Verkefni podcast: 15%
- Verkefnibók: 10%

Du er rigtig klog

Námstímabil 2

Námsgrein: Danska

Árgangur: 9. bekkur

Námstímabil: Október til desember

Inntak náms

Viðfangsefni tengjast fólki og samskiptum, þróun mannsins og tilfinningum. Orðaforði tengist þessum viðfangsefnum.

Verkefnavinna og heimanám

Umfjöllunarefni lotunnar er þekkt og fast fólk og farið er eftir 6. kafla í námsbókinni SMIL „Er du rigtig klog“. Í lotunni eru einnig nokkur námsmarkmið sem varða spurnarorð, nafnorð og framburð á dönsku. Að auki er stórt verkefni þar sem nemendur eiga að vinna með.

Námsgögn

- SMIL – Nemendabók
- SMIL – Verkefnabók B
- SMIL – Hlustunaræfingar með verkefnabók B
- DR TV
- Hlustunarverkefni með söngvum

Fyrirkomulag námsmats

- Stórt verkefni: 15%
- Verkefnibók: 10%

HAGASKÓLI

Námsáætlun

Náttúrufræði | 9.bekkur | 2026-2027

Kennarar: Atli Kristinsson atli.kristinsson@reykjavik.is

Kennslustundir á viku: 2 x 60 mínútur

Síðast uppfært: 30.09.2026

Lýsing

Í náttúrufræði stuðlum við að þekkingu, virðingu og ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Þannig öðlast þeir þá hæfni sem til þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru.
Í 9. bekk læra nemendur fyrir áramót undirstöðuatriði í mannslíkamanum. Eftir áramót læra nemendur um eðli ljós-og hljóðbylgna og samspila rafmagns og segulmagns.

Námsflokkar og vægi

- 50% líffræði mannslíkamanns
- 50% eðlisfræði.

Námstímabil

Námstímabil	Áætlað tímabil
Líffræði - Mannslíkaminn	Ágúst - desember
Hljóðbylgjur	Janúrar - febrúar
Ljósbylgjur	Febrúar - mars
Rafmagn	Mars - apríl
Rafseglar	Maí

Líffræði-Mannslíkaminn

Námstímabil 1

Námsgrein: Náttúrufræði

Árgangur: 9. bekkur

Námstímabil: 24. Ágúst-18. desember

Inntak náms

Í náttúrufræði stuðlum við að þekkingu, virðingu og ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Þannig öðlast þeir þá hæfni sem til þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru.
Í 9. bekk læra nemendur fyrir áramót undirstöðuatriði í mannslíkamanum.

Verkefnavinna og heimanám

Nemendur lesa í kennslubókinni Mannslíkaminn, svara sjálfsprófum í hverjum kaflahluta í vinnubók og þreyta kaflapróf. Einnig framkvæmum við tilraunir úr köflunum og skrifum skýrslur tengt þessum tilraunum.

Námsgögn

Mannslíkaminn og efni frá kennara.

Fyrirkomulag námsmats

Nemendur þreyta kaflapróf við lok hvers kafla og skila einnig vinnubók sem inniheldur þau sjálfspróf sem unnin hafa verið á tímabilinu. Einnig skila nemendur skýrslum fyrir þær tilraunir sem unnar hafa verið.
Vægi námsþátta er Kaflapróf 40%, vinnubók 30%, skýrslur 20% og loks vinnueinkunn 10%.

Eðlisfræði

Námstímabil 2

Námsgrein: Náttúrufræði

Árgangur/bekkur/hópur: 9. bekkur

Námstímabil: 5. Janúar-10. júní

Inntak náms

Í náttúrufræði stuðlum við að þekkingu, virðingu og ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Þannig öðlast þeir þá hæfni sem til þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru.
Í 9. bekk læra nemendur eftir áramót um eðli ljós-og hljóðbylgna og samspila rafmagns og segulmagns.

Verkefnavinna og heimanám

Nemendur lesa í kennslubókinni Eðlisfræði 1 og Eðlisfræði 2, svara sjálfsprófum í hverjum kaflahluta í vinnubók og þreyta kaflapróf. Einnig framkvæmum við tilraunir úr köflunum og skrifum skýrslur tengt þessum tilraunum.

Námsgögn

Eðlisfræði 1, Eðlisfræði 2 og efni frá kennara.

Fyrirkomulag námsmats

Nemendur þreyta kaflapróf við lok hvers kafla og skila einnig vinnubók sem inniheldur þau sjálfspróf sem unnin hafa verið á tímabilinu. Einnig skila nemendur skýrslum fyrir þær tilraunir sem unnar hafa verið.
Vægi námsþátta er Kaflapróf 40%, vinnubók 30%, skýrslur 20% og loks vinnueinkunn 10%.

HAGASKÓLI

Námsáætlun

Samfélagsgreinar | 9.bekkur | 2026-2027

Kennarar: Aðalsteinn Haukstein Oddsson adalsteinn.haukstein.oddsson@reykjavik.is

Kennslustundir á viku: 2 x 60 mínútur

Síðast uppfært: 15.10.2026

Lýsing

Námsflokkar og vægi

Námstímabil

Námstímabil	Áætlað tímabil
Stéttarbarátta	25. ágúst - 1. nóvember
Velmegun og heimskreppa	12. nóvember - 8. janúar
Allt vald til foringjans	11. janúar - 12. mars
Stríðið sem kom við alla	15. mars - 28. apríl

Stéttarbarátta

Námstímabil 1

Námsgrein: Samfélagsgreinar

Árgangur: 9. bekkur

Námstímabil: 25. ágúst - 1. nóvember

Inntak náms

Í lotunni er fjallað um stéttaskiptingu, kjör fólks og baráttu fyrir réttindum og bættum lífsskilyrðum. Helstu viðfangsefni eru hugmyndir Karls Marx, jafnaðarstefna og kommúnismi, rússnesku byltingarnar og stjórn Stalíns, ásamt verkalýðsbaráttu á Íslandi. Nemendur þjálfast í að útskýra lykilhugtök, greina orsakir og afleiðingar og skoða ólík sjónarmið. Áhersla er lögð á heimildavinnu, rökstudda umræðu og tengingar við samfélagið í dag. Verkefnin skiptast í grunnverkefni, greiningarverkefni og meistaraverkefni sem reyna á mismunandi dýpt þekkingar og skilnings.

Verkefnavinna og heimanám

Nemendur vinna í vinnubók og stílabók að verkefnum sem tengjast lestri námsefnis, lykilhugtökum og helstu viðfangsefnum lotunnar. Unnið er einstaklingslega, í pörum og hópum, meðal annars við samanburð, greiningu texta og mynda og skapandi verkefni. Í umræðum æfa nemendur sig í að rökstyðja skoðanir sínar og hlusta á sjónarmið annarra. Leiðsögn og endurgjöf eru veitt jafnt og þétt í kennslustundum en heimanám felst eftir þörfum í lestri, upprifjun og því að ljúka verkefnum.

Námsgögn

Námsbókin *Styrjaldir og kreppa*, bls. 40–61, ásamt verkefnaheftum, stílabók, glærum og kennaraglósum. Einnig eru notaðir valdir heimildatextar, ljósmyndir og annað myndefni sem tengist viðfangsefnum lotunnar.

Fyrirkomulag námsmats

Námsmat byggist á vinnubók og námstímabilsprófi sem hvort um sig gildir 50% af námstímabilseinkunn. Í vinnubókinni er metin þekking, skilningur, greining og rökstuðningur út frá hæfniviðmiðum lotunnar. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á verkefnavinnu sína og í lok námstímabilsins er tekið próf úr helstu viðfangsefnum lotunnar.

HAGASKÓLI

Velmegun og heimskreppa

Námstímabil 2

Námsgrein: Samfélagsreinar

Árgangur: 9.bekkur

Námstímabil: 12. nóvember - 8. janúar

Inntak náms

Í lotunni er fjallað um velmegun á þriðja áratug 20. aldar, breytingar á atvinnuháttum og daglegu lífi og heimskreppuna sem hófst árið 1929. Helstu viðfangsefni eru fjöldaframleiðsla, neysla og menning, kauphallarhrunið, atvinnuleysi og aðgerðir til að bregðast við kreppunni, meðal annars New Deal. Einnig er fjallað um áhrif kreppunnar á íslenskt samfélag. Nemendur þjálfast í að útskýra lykilhugtök, greina orsakir og afleiðingar og tengja sögulega atburði við samfélagið í dag. Verkefnin skiptast í grunnverkefni, greiningarverkefni og meistaraverkefni sem reyna á mismunandi dýpt þekkingar og skilnings. **(vægi námsflokka).**

Verkefnavinna og heimanám

Nemendur vinna í vinnubók og stílabók að verkefnum sem tengjast lestri námsefnis, lykilhugtökum og helstu viðfangsefnum lotunnar. Unnið er einstaklingslega, í pörum og hópum við heimildagreiningu, samanburð, orsakakeðjur og skapandi verkefni. Í umræðum þjálfast nemendur í að rökstyðja skoðanir sínar og skoða ólíka reynslu fólks á tímum velmegunar og kreppu. Leiðsögn og endurgjöf eru veitt jafnt og þétt í kennslustundum en heimanám felst eftir þörfum í lestri, upprifjun og því að ljúka verkefnum.

Námsgögn

Námsbókin *Styrjaldir og kreppa*, bls. 62–81, ásamt verkefnaheftum, stílabók, glærum og kennaraglósum. Einnig eru notaðir valdir heimildatextar, ljósmyndir, línurit og annað myndefni sem tengist viðfangsefnum lotunnar.

Fyrirkomulag námsmats

Námsmat byggist á vinnubók og námstímabilsprófi sem hvort um sig gildir 50% af námstímabilseinkunn. Í vinnubókinni er metin þekking, skilningur, greining og rökstuðningur út frá hæfniviðmiðum lotunnar. Nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á verkefnavinnu sína og í lok námstímabilsins er tekið próf úr helstu viðfangsefnum lotunnar.

Námsáætlun

Hringekja | 9. bekkur | 2026

Kennarar: Arnar Pétursson Arnar.Petursson@reykjavik.is
Birna Friðgeirsdóttir Birna.Fridgersdottir@reykjavik.is
Eik Haraldsdóttir Eik.haraldsdottir@reykjavik.is
Helga Thorlacius Finnsdóttir Helga.thorlacius.finnsdottir@reykjavik.is
Kennslustundir á viku: 1 x 60 mín

Síðast uppfært: 20. 10. 2026

Lýsing

Nám í Hringekju miðast við hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla og tekur til fjögurra ólíkra fagsviða: myndmenntar, smíði, tónmenntar og upplýsingatækni. Á önninni fara nemendur í gegnum hvern faggreinahluta í sex til átta skipti, þar sem lögð er áhersla á skapandi hugsun, verkleg vinnubrögð og nýsköpun. Unnið er jafnt og þétt með fjölbreytt viðfangsefni og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem reyna á sjálfstæði og vinnubrögð innan hvers fags. Nemendur fá reglulega leiðsagnarmat og endurgjöf í gegnum ferlið en fá eina lokaeinkunn eftir skólaárið.

Námsflokkar og vægi

- Myndmennt 25%
- Smíði 25%
- Tónmennt 25%
- Upplýsingatækni 25%

Námstímabil

Námstímabil	Áætlað tímabil
Myndmennt 25%	6-8 skipti
Smíði 25%	6-8 skipti
Tónmennt 25%	6-8 skipti
Upplýsingatækni 25%	6-8 skipti

Myndmennt

Námstímabil 1

Námsgrein: Hringekja

Árgangur: 9.bekkur

Kennari: Helga Thorlacius Finnsdóttir (Helga.thorlacius.finnsdottir@reykjavik.is)

Námstímabil: 6-8 vikur

Inntak náms

Farið verður í þjálfun myndlæsis.

7 vikna myndmenntar hringekja.

- Stuðst verður við bókina Sjónarafl sem Listasafn Íslands gefur út.
- Farið verður í að greina myndir með myndlæsi.
- Notast verður við leiðsagnarnám.
- Nemendur tjá persónulegar skoðanir á myndefni, taka þátt í umræðum og loks vinna sína útgáfu af listaverki hvers tíma.
- viðmið um verkefnaskil eru mæting og vera virkur þátttakandi í umræðum við greiningu myndefnis ásamt vinna persónulega útgáfu úr hverju verkefni. Hraðaverkefni.

Verkefnavinna og heimanám

Markmið námskeiðsins er að geta tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið. Unnið verður að litlum verkefnum út frá verki hvers tíma með það að markmiði að prófa nýjar aðferðir í listsköpun sinni.

Námsgögn

Sjónarafl, þjálfun í myndlæsi. Kennari velur viðfangsefni tímans. Úr sjónarafli verður þjálfað myndlæsi og samræðuraðferðir sem styrkja rökhugsun. Eykur hæfni nemenda til þess að tjá persónulegar skoðanir og tilfinningar. Segja frá og tala um það sem þeir sjá.
Sjónarafl er gefin út af Listasafni Íslands.

Fyrirkomulag námsmats

Lagt verður upp með að meta nemendur út frá þátttöku, mætingu og vinnusemi.

Smíði

Námstímabil 2

Námsgrein: Hringekja

Árgangur: 9. bekkur

Kennari: Arnar Pétursson Arnar.Petursson@reykjavik.is

Námstímabil: 6-8 vikur

Inntak náms

Í smíðum ætlum við að kynnast töfrum handverks og hugvits. Nemendur fá tækifæri til að hanna og smíða hlut að eigin vali, frá teikniborðinu til fullskapaðs verks. Þau læra að þekkja og vinna með hinar ýmsu tegundir viðar og nota marvísleg verkfæri við sína sköpun. Megináhersla verður lögð á endurnýtingu og sjálfbærni, þar er unnið er eftir hugmyndafræði grænfánans.

Verkefnavinna og heimanám

Námsgögn

Fyrirkomulag námsmats

Tónmennt

Námstímabil 3

Námsgrein: Hringekja

Árgangur: 9. Bekkur

Kennari: Eik Haraldsdóttir (Eik.haraldsdottir@reykjavik.is)

Námstímabil: 6-8 vikur

Inntak náms

Nemendur vinna tvö meginverkefni en fyrst er fjallað um kvikmyndatónlistarverkefni en hitt er tónlistarstefnuverkefni.

Verkefnavinna og heimanám

Fyrra verkefnið sem nemendur vinna er kvikmyndatónlistarverkefni. Þau kynnast kvikmyndatónlist og áhrif þess í kvikmyndum. Svo velja þau sér eina senu af átta sem eru í boði og semja sína eigin tónlist undir. Hún er svo flutt fyrir framan hópinn. Seinna verkefnið er tónlistarstefnulag en þau byrja að ræða mismunandi tónlistarstefnur og svo fá þau tónlistarstefnu af handahófi. Þau fá aðgang að upptökutækjum og tónlistarforritum til að taka upp lögin sín. Einnig þurfa þau að kynna tónlistarstefnuna sem þau eru með fyrir hópnum. Það er ekki heimanám í tónmennt.

Námsgögn

Nemendur fá aðgang að öllum hljóðfærum sem eru í tónlistarstofunni og einnig fá þau aðgang að macbook pro fyrir upptökur. Einnig fá þau aðgang að helstu upptökugræjum.

Fyrirkomulag námsmats

Nemendur eru metnir eftir hvert verkefni en fá lokaeinkunn eftir skólaárið.

Upplýsingatækni

Námstímabil 4

Námsgrein: Hringekja

Árgangur: 9. bekkur

Kennari: Birna Friðgeirsdóttir birna.fridgersdottir@reykjavik.is

Námstímabil: 6-8 vikur

Inntak náms

Í upplýsingatækni er megináhersla lögð á **stafræna borgaravitund**. Markmið lotunnar er að nemendur öðlist dýpri skilning á ábyrgri og öruggri tækninotkun í daglegu lífi. Í tímunum er unnið með lykilhugtök á borð við gervigreind, stafrænt fótspor, jafnvægi í miðlanotkun, friðhelgi og netöryggi, ásamt neteinelti og hatursorðræðu. Lotunni lýkur með skapandi hópverkefni þar sem hópurinn velur sér eitt af þeim hugtökum sem farið hefur verið í, vinnur með það og miðlar á skapandi hátt með gerð rafræns veggspjalds eða myndbands.

Verkefnavinna og heimanám

Í kennslustundum er unnið með eitt eða fleiri lykilhugtök í senn þar sem fjallað er um efnið í gegnum umræður, glærur, fræðslumyndbönd og annað fjölbreytt efni. Í lok hvers tíma vinna nemendur **stutt tímaverkefni** tengd hugtökum dagsins. Í síðustu kennslustundum lotunnar er unnið að skapandi hópverkefni. Námið fer að mestu fram í kennslustundum og er heimanám einungis fólgið í því að klára verkefni sem ekki vinnst tími til að ljúka í tímum.

Námsgögn

Náms- og kennsluefni er aðgengilegt nemendum í formi glæra (á Google Classroom) og vinnubókar. Þá er þeim bent á hagnýtt efni á netinu tengt stafrænni borgaravitund, þar sem efni frá *Vitundin.is (Lífsleikni, líka á netinu)* og öðrum vefsíðum er haft til hliðsjónar. Við upplýsingaöflun og vinnslu verkefna fá nemendur aðgang að iPad og/eða Chromebook tölvum.

Fyrirkomulag námsmats

Námsmat í upplýsingatækni er fjölbreytt og byggist á virkri þátttöku nemenda í kennslustundum, vinnu þeirra í verkefnabók og frammistöðu í skapandi lokaverkefni lotunnar. Í lok lotunnar fá nemendur skriflega umsögn þar sem lagt er mat á árangur þeirra og námsframvindu.